



Námssgrein / Heildstætt verkefni: Líf og ljós

Tímabil: Skólaárið 2023 - 2024

Námsmarkmið sem unnið verður með:

Verkefnið er í grunninn þrjúþætt, þ.e. unnið að viðmiðum í náttúrufræði, íslensku og ensku. Markmiðið er að nemendur geti beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingsstigsins, aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum og lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt. Nemendur þjálfast í að lýsa hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, sér í lagi ljóstillífun.

Nemendur hlusta, taka eftir og nýta sér upplýsingar úr töluðu máli og myndefni. Þeir þjálfast í að greina og skilja aðalatriði og aukaatriði í texta og að glöggva sig á tengslum efnisatriða.

Enskt efni, bæði lesefni og myndbandsefni, er notað til að nemendur geti nýtt sér orðaforða úr efnisflokkum sem unnið er með, bæði skriflega og munnlega og fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.

Verkefni:

- ✓ Nemendur læra um og vinna verkefni í tengslum við ljóstillífun
- ✓ Stutt heimildarmynd í anda David Attenborough á ensku um ljóstillífun
- ✓ Hönnun gróðurhúss, sáning og skýrslugerð
- ✓ Fræðitextar á ensku og verkefni tengd því
- ✓ Ýmis útiverkefni
- ✓ Myndrænar glósur og hugtakavinna
- ✓ Hluti verkefna unnið þvert á árganga í hliðarverkefninu „út um hvippinn og hvappinn“

Námsefni/kennslugögn:

- ✓ Maður og náttúra
- ✓ Lífheimurinn
- ✓ Fræðslumyndir
- ✓ Fræðslutextar á ensku
- ✓ Fyrirlestrar

Námsmat

Símat, kennaramat